

Málsmeðferðarreglur þessar eru settar með stoð í 2. mgr. 33. gr. samþykktar um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og 104. gr. sveitarstjórnarlaga og taka þegar gildi við samþykkt bæjarstjórnar.

1. gr.

Ef 25% kosningabærra íbúa eða fleiri krefjast atkvæðagreiðslu um ákvörðun bæjarstjórnar ber bæjarstjórn að verða við þeirri kröfu.

Ekki er unnt að krefjast atkvæðagreiðslu um ákvörðun bæjarstjórnar í tilteknu máli ef áður hefur verið efnt til atkvæðagreiðslu um málið á sama kjörtímabili.

Ekki er unnt að krefjast atkvæðagreiðslu um ákvarðanir bæjarstjórnar:

- samkvæmt 21. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 (tvær umræður);
- um álagningu sveitarsjóðsgjalda og gjaldskrár;
- um lánasamninga;
- varðandi erindisbréf ráða og nefnda.

2. gr.

Kosningabærir teljast þeir sem hafa kosningarétt í sveitarstjórnarkosningum sbr. 2. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna¹ og miða skal við kjósendafjölda 1. desember næstliðinn frá framlagningu undirritaðrar áskorunar.

3. gr.

Forsvarsmenn undirskriftasöfnunar, þar sem skorað er á bæjarstjórn að fram fari atkvæðagreiðsla um tiltekna ákvörðun bæjarstjórnar, skulu tilkynna bæjarstjóra um undirskriftasöfnun innan tveggja vikna frá ákvörðun bæjarstjórnar.

4. gr.

Í tilkynningunni skal tilgreina ábyrgðarmann/menn undirskriftarsöfnunarog nánar um framkvæmd hennar.

5. gr.

Krafa 25% kosningabærra manna skal lögð fram sem undirrituð áskorun, með nafni og kennitölu, innan þriggja mánaða frá því tilkynnt er um söfnun undirskrifta sbr. 3. gr. reglna þessara.

¹ Kosningarétt við kosningar til sveitarstjórnar á hver íslenskur ríkisborgari sem náð hefur 18 ára aldri þegar kosning fer fram og á lögheimili í sveitarfélaginu. Nú eiga ákvæði [9. gr. lögheimilislaga, nr. 21/1990](#), við um hagi manns og telst hann þá ekki hafa glatað kosningarétti þótt hann hafi tilkynnt flutning samkvæmt Norðurlandasamningi um almannaskráningu, enda fullnægi hann að öðru leyti skilyrðum 1. mgr. Enn fremur eiga kosningarétt danskir, finnskir, norskir og sænskir ríkisborgarar sem átt hafa lögheimili hér á landi í þrjú ár samfellt fyrir kjördag [og aðrir erlendir ríkisborgarar sem átt hafa lögheimili hér á landi í fimm ár samfellt fyrir kjördag],¹⁾ enda fullnægi þeir að öðru leyti skilyrðum 1. mgr.

6. gr.

Ábyrgðarmaður undirskriftasöfnunar getur óskað eftir að fá aðgang að prentuðu eintaki af íbúaskrá (nafn og heimilisfang) sem miðast við 1. desember næstliðinn og skal beiðni þar að lútandi koma fram í tilkynningu sbr. 3. gr. reglna þessara.

7. gr.

Ábyrgðarmaður undirskriftarsöfnunar skal tryggja að þeir sem undirrita nöfn sína á áskorunina framvísi persónuskilríkjum til staðfestingar undirrituninni.

8. gr.

Undirritaðri áskorun skal skilað til bæjarstjóra sem staðfestir móttöku áskorunarinnar.

9. gr.

Bæjarstjóri skal innan mánaðar frá framlagningu undirritaðrar áskorunar tilkynna ábyrgðarmanni/mönnum hvort undirrituð áskorun uppfylli skilyrði 1. og 2. gr. um tilskilinn fjölda.

10. gr.

Heimilt er að veita stuttan frest, að hámarki 10 virka daga, til að leiðrétta undirskriftarlista ef í ljós kemur að hann uppfyllir ekki skilyrði 1. og 2. gr. um tilskilinn fjölda.

11. gr.

Ef undirrituð áskorun uppfyllir skilyrði 1. og 2. gr. ber bæjarstjóra að leggja fram tillögu um atkvæðagreiðslu fyrir bæjarstjórn.

12. gr.

Bæjarstjórn ákveður hvenær atkvæðagreiðsla fer fram. Atkvæðagreiðsla skal þó ekki fara fram skemur en fjórum vikum eftir að ákvörðun um hana hefur verið tekin og ekki síðar en tveimur mánuðum eftir ákvörðun.

13. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið fyrirfram að niðurstaða atkvæðagreiðslu skuli vera bindandi.

14. gr.

Bæjarstjórn tekur ákvörðun um orðalag og framsetningu spurningar í atkvæðagreiðslu.

15. gr.

Bæjarstjórn skal standa fyrir eða fela utanaðkomandi aðila að standa fyrir kynningu á því efni sem taka á afstöðu til í atkvæðagreiðslunni. Leitast skal við að veita talsmönnum ólíkra sjónarmiða tækifæri á að koma sínum viðhorfum á framfæri.

16. gr.

Um framkvæmd kosningar skal taka mið af meginreglum laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.

Samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar 19. maí 2010.